

Kirkjuþing 2021-2022

28 mál – þskj. 28

T I L L A G A
til þingsáætlunar um stuðning þjóðkirkjunnar
við safnaðarstarf erlendis.

Flutt af Gísli Gunnarssyni.

Frsm. Gísli Gunnarsson.

Kirkjuþing 2021 samþykkir að kirkjulegt starf Íslendinga í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Bretlandi, Lúxemborg og Spáni skuli hljóta árlega fjárstyrk úr sjóðum þjóðkirkjunnar til stuðnings þeirrar kirkjulegu starfsemi sem þar er innt af hendi á vegum Íslendinga.

Greinargerð.

Til margra ára hefur íslenska þjóðkirkjan veitt fjárstuðning til kirkjulegs starfs erlendis og nú eru veittir styrkir til starfsins í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Bretlandi og Luxemborg. Með tillögu þessari er fjárstuðningur þessi festur í sessi auk þess sem Spáni er bætt við þau lönd þar sem starf kirkjunnar er styrkt.

Fyrir hrun voru starfandi prestar á vegum þjóðkirkjunnar í Kaupmannahöfn, London, og Gautaborg. Luxemborg var einnig þjónað, án þess þó að prestur sæti þar. Norðmenn greiddu laun íslensks prests í Ósló.

Eftir hrun þurfi þjóðkirkjan að skoða ýmsar sparnaðarleiðir og var þá íslensku prestunum erlendis sagt upp, enda um kostnaðarsöm embætti að ræða. Presturinn í Noregi hélt þó sínu starfi og presturinn í Gautaborg hélt áfram í hálfu starfi, kostaður af Sjúkratryggingum Íslands og fólst þá starf hans fyrst og fremst í því að sinna sjúklingum sem sendir eru til Gautaborgar til lækninga.

Þrátt fyrir þessar ráðstafanir var lögð áhersla á að styrkir til safnaðarstarfs í þessum löndum héldu áfram að vera til reiðu og nú hefur starf prests í Kaupmannahöfn verið endurvakið.

Á seinni árum hefur Íslendingum sem búsettir eru á Spáni fjölgað mikið og að öllum líkindum mun sú þróun halda áfram.

Samkvæmt tölum frá Þjóðskrá Íslands var fjöldi íslenskra ríkisborgara eftirfarandi í þessum löndum:

Danmörk	2018	10.626	2020	11.276
Svíþjóð	2018	8.597	2020	8.766
Noregur	2018	9.556	2020	9.410
Luxemborg	2018	514	2020	468
Spánn	2018	634	2020	802

Frá árinu 2006 hefur íslenskur prestur, Ragnheiður Karítas Pétursdóttir þjónað að hluta til Íslendingum á Spáni. Hún var í nokkur ár með messur á Costa Blanca svæðinu og fékk þá inni í norsku sjómannakirkjunni í Torrevieja. Auk þess sinnti hún öðrum verkefnum svo sem sálgæslu, heimsóknum í fangelsi og sá um önnur prestverk. Nú er hún búsett á Spáni og sinnir preststörfum í sjálfböðavinnu. Ljóst er að full þörf er á prestþjónustu þar enda margir eldri borgarar og öryrkjar búsettir þar, en einnig yngra fólk og barnafjölskyldur.

Stjórn Íslendingafélagsins á Spáni hefur nýlega sent frá sér bréf þar sem þess er farið á leit að þjóðkirkjan styðji við prestþjónustu á Spáni. Þar segir m.a:

“Mikilvægt er að líta til þess að á Spáni býr fjöldi Íslendinga sem hefur greitt sóknargjöld til íslensku þjóðkirkjunnar í áratugi. Einnig er fjöldi Íslendinga á Spáni yfir vetrarmánuðina sem hefur lögheimili á Íslandi og greiðir sóknargjöld til þjóðkirkjunnar. Við höfum orðið vör við mikla þörf á slíkri þjónustu á Spáni, ekki síst í neyðartilfellum en töluvert hefur verið um andlát, slys og sjúkrahúsinnlagnir undanfarin ár. Nú þegar er hafinn undirbúningur við stofnun formlegs safnaðar á Spáni.”

Þar sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að bæta Spáni við þau lönd sem fyrir eru þá gæti kostnaður við þennan lið aukist um 800.000 – 1.000.000 krónur. Eðliligt þykir að stuðningur til safnaða erlendis sé veittur úr Jöfnunarsjóði.